




ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

HLAUP Á SKEIÐARÁRSANDI 1986

Bjarni Kristinsson
Snorri Zóphóníasson
Svanur Pálsson
Hrefna Kristmannsdóttir

OS-86080/VOD-23 B Desember 1986



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer : 916

HLAUP Á SKEIÐARÁRSANDI 1986

Bjarni Kristinsson
Snorri Zóphóníasson
Svanur Pálsson
Hrefna Kristmannsdóttir

OS-86080/VOD-23 B Desember 1986

EFNISYFIRLIT

		bls.
1	INNGANGUR	3
1.1	Helstu niðurstöður	3
1.2	Aðferðafræði og útreikningur	4
2	SKEIÐARÁRHLAUP 1986	5
2.1	Rennsli	5
2.2	Svifaур	8
2.3	Styrkur uppleystra efna	16
2.4	Efnainnihald	17
3	GRÆNALÓNSHLAUP 1986	24
3.1	Rennsli og svifaур	24

VIÐAUKI A Þversnið Skeiðarár undir brú í hlaupi 1986
(Horft undan straumi)

VIÐAUKI B Þversnið Súlu og Sandgígjukvíslar undir brú
í hlaupi 1986 (Horft undan straumi)

VIÐAUKI C Ljósmyndir af hlaupum úr Grímsvötnum og
Grænalóni

TÖFLUSKRÁ

1	SKEIÐARÁRHLAUP 1986. Niðurstöður einstakra mælinga	6
2	GRÍMSVATNAHLAUP EFTIR 1974. Samanburður hlaupa eftir brúun Skeiðarár	7
3	STÝRKUR UPPLYEYSTRÆFNA Í HÁMARKI JÖKULHLAUPA	19
4	GRÆNALÓNSHLAUP 1986. Niðurstöður mælinga	25

MYNDASKRÁ

MYND 1	Grímsvatnahlaup 1986, mælt af Skeiðarárbrú	6
MYND 2	Skeiðarárhlaup 1986, styrkur svifaurs	9
MYND 3	Héildarsvifaур í 5 Skeiðarárhlaupum, milljónir tonna	10
MYND 4	Skeiðarárhlaup 1982, styrkur svifaurs	12
MYND 5	Skeiðarárhlaup, styrkur sands (>0,2 mm)	13
MYND 6	Skeiðarárhlaup, styrkur mós (0,02-0,2 mm) og mélu (0,002-0,2 mm)	14
MYND 7	Skeiðarárhlaup 1986, styrkur uppleystra efna	15
MYND 8	Uppleyst efni	19
MYND 9 - 11	pH, SiO ₂ , Na	20
MYND 12 - 13	K, Ca, Mg	21
MYND 15 - 17	Na /K, CO ₂ , Cl	22
MYND 18 - 20	SO ₄ , F, Na/Cl	23

Dags.
1987.05.08Tilv. vor
VOD/310/350/916/HT-ÁSn-

Dags.

Tilv. yðar

Vegagerð ríkisins
 Bruardeild
 Borgartúni 7
 105 Reykjavík

Varðar skýrsluna: Hlaup á Skeiðarársandi 1986. OS-86080/VOD-23-B.

Skýrsla þessi er gerð í anda samkomulags milli Vegagerðar ríkisins, Brúardeilda og Orkustofnunar þess eðlis að Vegagerðin greiði þann kostnað af mælingum í Skeiðará í hlaupi, sem er umfram venjubundnar mælingar á ánni, sem eru u.p.b. mánaðarlega, allt árið.

Um mitt summar 1986 vöknudu grunsemdir um að hlaup væri í aðsigi og voru þá þegar gerðar ráðstafanir til að bakkasýni yrðu tekin vikulega til mælinga á aurburði og uppleystum efnum og annaðist Ragnar Stefánsson í Skaftafelli sýnatöku. Hlaupið er talið hefjast um 20. ágúst og var eftir það fylgst náið með rennsli og betri aurburðarsýni tekin. Meðan hlaupið var í hámarki voru sýni yfirleitt tekin daglega. Samtímis hlaupi í Skeiðará hljóp úr Grænalóni og var einnig fylgst með því eins og tök voru á.

Heildarrennslið yfir hlauptímann 22. ágúst - 17. september 1986, reiknast 1,2 km³. Á sama tíma er áætlað að Skeiðará hafi borið fram um 9 miljónir tonna af aur.

Í hámarki hlaupsins, um miðnætti 7. september er áætlað að rennslið í Skeiðará hafi náð 2030 m³/s, og mest bar áin fram síðdegis 8. september, 9,9 g af aur í lítra.

Giskað er á að hlaupið í Súlu hafi náð hámarki um miðnætti 30. ágúst, um 2000 m³/s, og innan við 800 m³/s í Gigjukvísl, en ekki er vitað hvenær það var.

Mælingar á efnasamsetningu vatnsins benda til annars uppruna en 1983, og kvikuáhrif minni en þá, en þó meiri en 1982.

Virðingarfyllst

Haukur Tómasson
 Haukur Tómasson

Arni Snorrason
 Arni Snorrason

Heimilisfang	Nafnúmer	Sími	Símsnefni	Telex	Banki
Grensásvegi 9 108 Reykjavík	6901-3058	8 36 00	Orkustofnun	2339 ORKUST IS	Landsbanki Íslands Laugavegi 77, 105 Reykjavík Hlaupareikn. 4669

1. INNGANGUR

Um mánaðamótin ágúst/september 1986 urðu samtímis tvö flóð á Skeiðarársandi, af sínum uppruna hvort.

Vatn hljóp úr Grímsvötnum í Skeiðará, og úr Grænalóni í bæði Gígjukvísl og Súlu. Við hlaup úr Grímsvötnum hefur vatnið iðulega náð langt vestur á sand, jafnvel í báðar síðastnefndu árnar. Svo var þó ekki að þessu sinni, heldur hljóp vatn úr tveimur vatnsgeymum samtímis niður á sandinn. Megna brennisteinsfýlu lagði af Skeiðará hlauptímann en ekki var vottur af sliku við Súlu og Gígjukvísl.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var úrkoma Skaftafelli nær engin flesta daga tímabilið 13.8. til 15.9. eða mest 2 mm, utan hvað 25 mm úrkoma mældist í sunnanáttinni að morgni þess 31. Annars var var hægviðri með breytilegri átt vikuna fyrir mánaðarmótin, en norðlægar áttir ríktu yfir aðalhlauptímann og allt fram í miðjan septembermánuð. Heiðskírt var flesta hlaupdagana.

1.1 Helstu niðurstöður

Heildarrennslið í Skeiðará yfir hlauptímann, 22. ágúst - 17. september 1986, reiknast vera a.m.k. $1,2 \text{ km}^3$. Hlaupið var í hámarki um eða fyrir miðnætti 7. september og reiknast rennslið þá hafa verið nærrí $2030 \text{ m}^3/\text{s}$.

Súla og Gígjukvísl voru ekki mældar nógum oft til að nákvæm mynd fengist af rennsli þeirra dagana 29. ágúst til ca. 12. september, meðan hlaup úr Grænalóni stóð yfir. Hámark Súluhlaups var rétt upp úr miðnætti 30. ágúst og var það yfir $2000 \text{ m}^3/\text{s}$. Hámark hlaups í Gígjukvísl var innan við $800 \text{ m}^3/\text{s}$ en ekki er vitað hvenær það var. Heildarrennsli þessa Grænalónshlaups er óþekkt, en að sögn kunnugra var það í hópi hinna stærri.

Heildarsvifaur í Skeiðarárhlaupinu reiknast um 9 milljónir tonna, sem er um 30% minna en í hlaupinu 1982, þó að heildar- og hámarksrennsli beggja hlaupanna væri svipað. Munurinn liggur í því, að í hlaupinu 1986 barst miklu minna fram af aur af kornastærðinni 0,002-0,2 mm en 1982. Mesti aurstyrkur mældist 9,9 g/l síðdegis 8. september.

Mælingar á efnasamsetningu vatnsins benda til þess, að uppruni hlaupvatnsins nú sé ekki hinn sami og 1983. Kvikuáhrif á vatnssamsetninguna virðast einnig vera mun minni nú en 1983, en þó meiri en 1982.

1.2 Aðferðafræði og útreikningur

Rennslismæling fór þannig fram að fyrst var mælt dýpi vatns með þungu líði, en síðan var mældur yfirborðshraði árinnar með rekaldi, sem í var hnýttur fínn práður. Dýpi var mælt frá eftir borði brúarhandriðs með 5 m millibili, en rekhraðinn með 10 - 20 m millibili. Báðir þættir voru mældir þéttar þar sem ástæða var til. Að hraða- og dýptarmælingum loknum voru tekin aurburðarsýni með sýnataka S-49, sem slakað var út fyrir brúarhandrið með gálga sem til þess er gerður í einni bifreið Vatnamælinga. Sýnatakinn safnar vatni frá yfirborði til botns og upp aftur. Hann fer með jöfnum hraða, sem stjórnast af hraða spils og er opinn allan tímann. Gálginн var einnig notaður við dýptarmælinguna.

Tekin voru sýnishorn af hlaupvatnið til efnagreininga í viðeigamái ílát.

Rennsli árinnar var reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{þversmið} \times \text{Yfirborðshraði} \times 0,85 = \text{Rennsli}$$

Nákvæmni dýptarmælinganna er +/- 2-5%, allt eftir hraða straums, sem stundum bar með sér dýptarlóðin þar sem hann var mestur. Nákvæmni rekhraðamælingarinnar er í versta falli +/- 5%, því vindur var hagstæður um hlauptímann. Meðalstraumhraði er hér áætlaður 0,85% af yfirborðshraða og er nákvæmni þessarar tölu talin +/- 7%. Þetta hlutfall yfirborðshraða hefur verið notað við útreikninga annara hlaupa í Skeiðará. Heildarnákvæmni einstakra rennslismælinga er því +/- 10%. Enda þótt meðalhraði sé breytilegt fall af yfirborðshraða eftir dýpi og stað, er ekki tekið tillit til þess hér, heldur er notuð þessi sama hlutfallstala í öllum útreikningum meðalhraða.

Sýnum til efnagreiningar var safnað í loftþéttu glertúpu til greiningar á sýrustigi og rokgjörnum eftum og í plastbrúsa til greiningar á öðrum eftum. Sýnið í plastbrúsanum var síð og meðhöndlað á þann hátt sem venja er við sýnatöku, þegar það kom á rannsóknastofuna tveim til þrem dögum eftir sýnatöku. Ekki er því útilokað, að einhverjar breytingar gætu hafa orðið á sýnum í plastbrúsunum frá sýnatöku og þar til þau komu á rannsóknastofuna.

2 SKEIÐARÁRHLAUP 1986

Fyrsta merki þess að Skeiðarárhlaup sé í aðsigi er venjulega, að brennisteinsfýlu tekur að leggja af ánni. Þann 21. ágúst urðu vatnamælingamenn slíkrar fýlu varir við mælingu árinnar. Dagana 26.8. til 10.9. var án rennslismála síðum af brúnni auk þess sem tekin voru sýni til svifaursmælinga um leið. Hlaupið var í hámarki um eða fyrir miðnætti 7. september og reiknast rennslið þá hafa verið nærrí 2030 m^3/s . Heildarrennslið yfir hlauptímann, 22. ágúst - 17. september, reiknast vera a.m.k. 1,2 km^3 .

Mesti aurstyrkur mældist 9,9 g/l 8. september, og heildarsvifaur reiknast um 9 milljónir tonna. Styrkur uppleystra efna komst upp í um 350 mg/l.

Litlar breytingar urðu á jöklí við þetta hlaup nema hvað íshellan á Grímsvötnum seig (up 70 m?). Djúpur strokkur myndaðist í jökulinn NA við Gríðarhorn eins og í hlaupunum 1982 og 1983. Stóð þar vatn uppi í miðju hlaupi en seig er á leið. Ef að líkum lætur er Útfallið úr Grímsvötnum barna við Gríðarhornið og hefur verið þar síðan í hlaupinu 1982. Áður var það mun norðar að því er talið er.

Litið leysingalón á Skeiðarárjöklí NA af Grænalóni tæmdist meðan á hlaupinu stóð. Ekkert brotnaði úr jöklinum við útfall Skeiðarár að heitið gæti.

2.1 Renasli


Á mynd 1 er sýndur hlaupferillinn, ásamt mælipunktum, safnlínu og grunnrennsli. Athygli er vakin á mælingunni þann 21. ágúst (sjá töflu 1 og mynd 1), sem sýnir miklu meira renasli en við er að búast á þessum tíma. Vart varð lyktar af ánni að kvöldi 20. ágúst. Þetta kann að vera þjófstart í Grímsvötnum, sem síðan hafi miðkað þar til aðal hlaupið fór fram, en styrkur uppleystra efna bendir þó ekki til þess. Sé svo þá er 1,2 km^3 heildarrennsli lágmarkstala fyrir þetta Grímsvatnahlaup. Grunnrennsli Skeiðarár um hlauptímann, fékkst með því að prefalda rennsli Djúpár, sem er skammt vestan Lómagnúps. Þessi aðferð er ekki mjög fjarri réttu lagi og gaf 50-100 m^3/s grunnrennsli Skeiðarár.

Þegar starfsmenn Vatnamælinga flugu yfir Grímsvötn þann 29. ágúst sást að íshellan var rétt byrjuð að síga.

Áin kom aðeins um eitt útfall undan jöklinum og var það innst í kverkinni á milli Skeiðarársjökuls og Jökulfells, þar sem áin fór um fyrir hlaup. Jakaburður var nær enginn í ánni yfir hlauptímann.

Botninn breytti sér stöðugt yfir hlauptímann, en stærsti állinn var þó alltaf við eystri brúarsporðinn (sjá viðauka A).

Tafla 1 sýnir niðurstöður allra þeirra mælinga, sem gerðar voru af brú Skeiðarár yfir hlauptímann:



MYND 1 Grímsvatnahlaup 1986

Tafla 1

SKEIÐARÁRHLAUP 1986
Niðurstöður einstakra mælinga

Dagur	Rennsli m³/s	Tími mælingar
21.08.	330	12:00-14:15
26.08.	240	19:00-20:30
01.09.	680	14:00-17:30
02.09.	800	14:35-18:05
04.09.	1120	16:45-19:30
06.09.	1690	19:55-23:45
07.09.	1930	14:00-17:45
08.09.	1700	14:05-17:30
09.09.	1120	14:50-17:50
10.09.	660	13:10-15:25
26.09.	90	09:15-11:00

Heildarnákvænni einstakra rennsismælinga er +/- 10%.

Við mælingar reyndist hlaupvatnið renna undir allt að 45° horni á brúna, og var svo á öllum stigum hlaupsins. Mesti munur vatnsbordðs þvert undir brúnni var á bilinu 0,5 til 1,5 m.

Brýrnar á Skeiðarársandi, sem tekna voru í notkun árin 1973 og 1974 urðu ekki aðeins gífurleg samgöngubót fyrir Skaftfellinga heldur gerðu þær mögulegt að mæla hlaupvatn í Súlu, Gígjukvísl og Skeiðará með viðunandi nákvæmni. Í töflu 2 eru birtar helstu upplýsingar um þau fjögur Grímsvatnahlaup, sem orðið hafa eftir brúum áんな. Árin 1982 og 1983 fór aðeins vottur af hlaupvatni úr Grímsvötnum í Gígjukvísl, en greinilega minna en 1976.

Tafla 2

GRÍMSVATNAHLAUP EFTIR 1974
Samanburður hlaupa eftir brúun Skeiðarár

Ár	Heildar-rennсли km ³	Hlauptoppur m ³ /s	Hlaup dags.	Hlaup	% af hlaupinu 1976
1976	2,4	5200	22.09.	Skeiðará + Gígjukvísl	100
1982	1,4	2020	12.02.	Skeiðará + Gígjukvísl	57
1983	0,06	600	14.12.	Skeiðará + Gígjukvísl	2,5
1986	1,2	2030	07.09.	Skeiðará	50

2.2 Svifaur

Aurstyrkur mg/l (magn svifaurs í lítra) í einstökum sýnum úr Skeiðarárhlaupinu 1986 er sýndur á mynd 2. Punktarnir, sem sýna aurstyrk S1-sýna, sem starfsmenn Orkustofnunar tóku, eru tengdir með heilum línum, en punktar, sem sýna aurstyrk S3-sýna, sem Ragnar í Skaftafelli tók, eru tengdir með brotalínum. S1-sýni (1. flokks sýni) eru tekin í sýnataka í spili frá bíl. Þau voru tekin hvert um sig á nokkrum stöðum á þversmiði árinna undir brúnnar. S3-sýni (3. flokks sýni) eru tekin í handsýnataka uppi við bakka. Fullvist má telja, að S1-sýni gefi miklu réttari mynd af svifaur en S3-sýni. Aðalástæðan fyrir því, að S3-sýni voru tekin, er sú, að alltof kostnaðarsamt var að hafa starfsmenn Orkustofnunar við Skeiðará með þann búnað, sem þarf til að taka S1-sýni, allan tímann, sem hlaupið stóð yfir, en S3-sýnin gefa samfelldar og allnákvæmar upplýsingar um styrk uppleystra efna.

Heildarsvifaur í Skeiðará hlaupdagana 20. ágúst - 21. september 1986 reiknaðist um 9 milljónir tonna. Er þá reiknað út frá aurstyrk í S1-sýnum, en fyrir þá daga, sem aðeins voru tekin S3-sýni er reiknað út frá aurstyrk samkvæmt heildregnu línum á mynd 2, sem er nokkrum hærri en mældist í S3-sýnum. Ef reiknað er út frá aurstyrk í S1-sýnum þá daga, sem þau voru tekin, og þeim aurstyrk, sem mældist í S3-sýnum, hina dagana, reiknast svifaurinn um 8 1/2 milljón tonna.


Heildarsvifaur í milljónum tonna í 5 síðustu Skeiðarárhlaupum er sýndur á mynd 3. Í hlaupunum 1976, 1982, 1983 og 1986 voru tekin S1-sýni, og er heildarsvifaurinn reiknaður út frá þeim sýnum. Í hlaupinu 1972 voru aðeins tekin S3-sýni, því að þá var engin brú komin á Skeiðará. Mælingar á sýnum, sem tekin voru á sama tíma með þessum tveimur tökuáðferðum í hlaupinu 1976, leiddu í ljós, að S1-sýnin inniheldur um 60% meiri svifaur en S3-sýnin. Ef gert er ráð fyrir, að gædi S3-sýna, sem tekin voru í hlaupinu 1972, hafi verið svipuð og í hlaupinu 1976, ætti heildarsvifaur í Skeiðará í hlaupinu 1972 að hafa verið um 38 milljónir tonna, sem sýnt er sem skástrikuð hækkan á súlunni fyrir hlaupið 1972, en ekki 24 milljónir, sem kom út úr mælingum á S3-sýnum (svarti hluti súlunnar).

四

VOD UR 916 SvP
861210861S

SKEIÐARÁRHLAUP 1986


Styrkur svifaurs



MYND 2 Skeiðarárhlaup 1986. Styrkur svifaurs

VOD UR 916 SvP
84.06.1091 IS

HEILDARSVIFAUR Í 5 SKEIÐARÁRHLAUPUM
MILLJÓNIR TONNA



MYND 3 Heildarsvifaur í 5 Skeiðarárhlaupum, milljónair tonna

Heildarsvifaður í hlaupinu 1986 reiknast um 30% minni en í hlaupinu 1982, en bæði heildarrennsli og hámarksrennsli þeirra var svipað. Mynd 4 sýnir styrk svifaðurs í einstökum sýnum úr Skeiðarárhlaupinu 1982. Aurstyrkur var greinilega miklu minni í hlaupinu 1986 en 1982, sbr. mynd 1.


Við mælingar á svifaðurs-sýnum er mæld kornastærðardreifing aursins og dreginn kornastærðarferill (kornakúrfa) fyrir hvert sýni. Ót frá kornastærðarferlinum er svifaðurnum skipt í 4 kornastærðarflokka, sand >0,2 mm, mó 0,2-0,02 mm, mélu 0,02-0,002 mm og leir <0,002 mm. Er hér farið eftir kornastærðarkvarða Atterbergs. Sandur og mór (>0,02 mm) er nefndur grófur svifaður, en méla og leir (<0,02 mm) fínan. Grófi aurinn er miklu viðkvæmari fyrir mismunandi sýnatökuaðferðum og aðstæðum á sýnatökustæð en fíni aurinn. Það er vegna þess, að grófi aurinn berst sem svifaður á einum stað, þar sem straumhraði er mikill, en að einhverju leyti sem botniskrið á öðrum stað í sama vatnsfalli, þar sem straumhraði er minni.

Til að leita skýringa á því, að aurstyrkur mældist miklu minni í hlaupinu 1986 en 1982, var fyrst athugað hvort styrkur sands væri minni 1986 en 1982, sjá mynd 5, en einnig eru til samanburðar merktir inn á þá mynd punktar yfir sýni úr hlaupinu 1976. Þetta eru eingöngu S1-sýni. Þegar mynd 5 er skoðuð, sést, að dreifing punktanna er mikil, en það kemur ekki á óvart, þegar um styrk grófasta kornastærðarflokksins er að ræða. Greinilegt er, að sandstyrkur í hlaupinu 1986 er ekki minni en 1982, jafnvel meiri. Þennan mun á heildaraurstyrk er þá ekki unnt að skýra út frá mun á straumhraða á sýnatökustæð eða sýnatöku. A mynd 6 er borinn saman styrkur móss og mélu í S1-sýnum úr þessum þremur hlaupum. Þar kemur greinilega í ljós, að styrkur svifaðurs af þessum kornastærðum er miklu minni í hlaupinu 1986 en 1982. Því er ljóst, að minni aurstyrkur í hlaupinu 1986 liggur í minni styrk móss og mélu, hvernig sem á því stendur. Eanfremur sést, að styrkur þessara kornastærðarflokka í hlaupinu 1976 hefur verið svipaður og 1986. Þess má geta, þó að það sé ekki teiknað á myndina, að styrkur mélu úr hlaupunum 1965 og 1972 hefur mælst álika mikill og í hlaupinu 1982. Styrk móss í sýnum úr þeim hlaupum er ekki unnt að nota í þessum samanburði vegna lélegra sýnatökuaðferða. Ekki er hér borinn saman styrkur leirs í sýnum úr Skeiðarárhlaupum, en hann er mjög óverulegur hluti svifaðursins, oftast 2-3%.

VOD UR 916 SvP
86 I2 1087 IS

SKEIÐARÁRHLAUP 1982

Styrkur svifaurs




MYND 4 Skeiðarárhlaup 1982, styrkur svifaurs

IIS VOD UR 916 SvP
86 12 1088 IS

SKEIÐARÁRHLAUP

Styrkur sands ($>0,2\text{ mm}$)

S1-sýni




MYND 5 Skeiðarárhlaup, styrkur sands ($>0,2\text{ mm}$)

VOD UR 916 SvP
86.12.1089 IS


SKEIÐARÁRHLAUP

Styrkur mós(0,02-0,2mm)
og méla (0,002-0,02 mm)

SÍ-sýni



Méla
mg/l




MYND 6 Skeiðarárhláup, styrkur mós (0,02-0,2 mm)
og mélu (0,002-0,02 mm)

VOD UR 916 Sv P
86 12 1090 IS

SKEIÐARÁRHLAUP 1986

Styrkur uppleystra efna



MYND 7 Skeiðarárhlaup 1986, styrkur uppleystra efna

2.3 Styrkur uppleystra efna

Við venjulegar aðstæður (milli Grímsvatnahlaupa) er styrkur uppleystra efna í Skeiðará yfirleitt á bilinu 50-90 mg/l, að meðaltali um 70 mg/l. Í Grímsvatnahlaupum fer styrkur uppleystra efna upp í 300-400 mg/l eða jafnvel meira. Nokkrum sinnum hefur styrkur uppleystra efna mælst meiri en 100 mg/l, án þess að um hlaup hafi verið að ræða, en það vekur grun um íblöndun af háhitavatni, líklega vegna leka úr Grímsvötnum? Um þetta efni er fjallað nokkuð náðar annars staðar (Haukur Tómasson o. fl. 1985). Frá því að hlaupinu 1983 lauk, hefur styrkur uppleystra efna mælst yfir 100 mg/l í sýnum, sem tekin hafa verið eftirtalda daga:

29.03.1984	103	mg/l
15.01.1986	101	"
05.03.1986	113	"
11.04.1986	105	"
08.05.1986	102	"

Sýnin frá árinu 1986 eru fyrstu 4 sýnin, sem tekin voru úr Skeiðará á því ári, þ. e. a. s. hár styrkur uppleystra efna mældist í öllum sýnum, sem voru tekin frá ársþyrjun og fram í byrjun maí.

Mynd 7 sýnir styrk uppleystra efna í einstökum sýnum úr Skeiðarár-hlaupinu 1986. Líttill munur er á styrk eftir því hvort um er að ræða S1-eða S3-sýni. Minni styrkur mældist í S3-sýnum snemma í hlaupinu. Það má skýra með því, að S3-sýnin voru tekin við austurbakka, en þar gætir íblöndunar vatns úr Morsá. Einnig verður að hafa í huga, að í þessum mælingum er talsverð ónákvæmni a. m. k. +/- 5 mg/l, en mælingin er gerð með þurreimingu. Næstu sýni fyrir hlaupið voru tekin 31. júlí eða þremur vikum áður en hlaup hófst. Þá var styrkur uppleystra efna með venjulegum hætti, um 70 mg/l.

2.4 Efnainnihald

Frá afloknu Skeiðarárhlaupi í desember 1983 hefur verið safnað vatns-sýnum til efnagreininga úr Skeiðará. Söfnun getur varla talist regluleg, en hefur verið alltið. Alls hafa verið efnagreind 16 sýni s.l. þrjú ár fram yfir síðasta Skeiðarárhlaup í september.

Fremur sjaldan, en þó í nokkur skipti hafa verið tekin sýni úr öðrum jökulám á Skeiðarársandi (Gígjukvísl og Súlu) og í grenndinni (Djúpá, Hverfisfljót og Skaftá).

Í sýnunum hafa verið greind öll helstu uppleyst efni, sýrustig og rokgjörn efni, auk heildarstyrks uppleystra efna.

Í þessari skýrslu verður einungis fjallað um niðurstöður efnagreininga á vatnssýnum úr Skeiðará sjálfri. Á myndum 8-20 eru sýndar niðurstöður efnagreininga vatnssýna síðastliðin fjögur ár. Árið 1983 er haft með til hliðsjónar þar sem þá eru til margar greiningar og hlaup varð á árinu. Á flestum myndanna koma hlaupin tvö mjög greinilega fram sem mikil aukning í efnastyrk í þann skamma tíma, sem þau standa (sjá mund 8). Á milli þeirra er mun lægri styrkur uppleystra efna. Eins og fram kom í kaflanum hér á undan, þar sem fjallað var um heildarstyrk uppleystra efna, virðist nokkur árstíðabundin sveifla geta verið í styrk uppleystra efna, þannig að hann aukist yfir vetrarmánuðina. Þetta er mismunandi áberandi eftir eftir efnum, en sést best í heildarmagni og þeim efnum sem eru með hæstan styrk. Því miður er of lítið til af sýnum frá vetrinum 1985-1986 til að slíkt sjáist eða gæti komið fram.

Á mynd 9 sést að sýrustig breytist óreglulega með tíma í þeim sýnum sem það er mælt í. Í hlaupunum er sýrustigið lægst, en í stöku sýni utan hlaupa mælist sýrustig undir 7. Styrkur kísils (mynd 10) hækkar í um 60 mg/kg í hlaupúnnum en er 5-20 mg/kg á milli þeirra. Styrkur allra málma (Na,K,Ca,Mg) hækkar tilsvarandi í hlaupvatninu og kíssill og heildarstyrkur uppleystra efna sbr. myndir 11-14. Þessi efni öll hafa haft mjög svipaðan styrk í fjórum síðustu hlaupum og reyndar að mestu í þeim sjö sem gögn eru til um. Hlutfall alkálímálmanna Na/K er sýnt á mynd 15 og breytist það óreglulega með tíma og hlaupgildi skera sig ekki úr gildum í árvatninu utan hlaupa. Styrkur karbonats (mynd 16) hækkar í 300-400 mg/kg í báðum hlaupunum, en það er heldur lægra en var í fyrri hlaupum (klóríðs (mynd 17) er mun hærri í síðasta hlaupi en hlaupinu 1983. Í því hlaupi hækkaði styrkur klóríðs óverulega frá því sem hann er venjulega í vatni úr Skeiðará. Styrkur súlfats (mynd 18) er hins vegar lægri nú en 1983. Í flestum hinum hlaupunum sem til eru gögn um var þó súlfatstyrkur mun lægri en 1986. Styrkur flúors (mynd 19) er öllu lægri í hlaupinu 1986 en 1983. Flúor-styrkur er mun lægri 1982 en í báðum þessum hlaupum (sjá töflu 3). Eldri gögn eru tæplega marktæk. Í hlaupvatninu 1983 var mjög hár styrkur af jární (>4 mg/kg) og nú 1986 mældist allhár styrkur. Vatnið var ekki síð og sýrt á staðnum svo útfelling járnnoxýðs gæti hafa orðið í brúsunum. Ekki sást neinn ryðlitur á vatninu svo útfelling hefur a.m.k. ekki verið veruleg. Upplýsingar um járnstyrk hlaupvatns eru nær engar úr fyrri hlaupum og ekki vel marktækt það litla sem til er.

Ljóst er að nokkur munur er á efnasamsetningu hlaupvatnsins í mismunandi hlaupum. Í hlaupunum 1954, 1965, 1972 og 1976 eru einungis til eitt eða mjög fá sýni og því hæpnara að bera efnasamsetringuna saman í smáatriðum. Auk þess eru eldri efnagreiningarnar ekki eins áreiðanlegar og þær nýrri.

Í hlaupunum 1982, 1983 og 1986 voru tekin mörg sýni og aðferðir við greiningu vel sambærilegar. Munurinn í efnasamsetningu þessara sýna er því vel marktækur. Styrkur klóríðs og Na/Cl hlutfall (mynd 20) sýna að uppruni vatnsins er ólíkur. Klóríðstyrkur hlaupvatnsins frá 1983 er miklu svipaðri og í vatninu í Skeiðará utan hlaupa, en í hlaupvatnini frá 1986.

Súlfatstyrkur í vatni Úr báðum þessum hlaupum er verulega hærri en 1982 og sömuleiðis flúorstyrkur (Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984). Einnig er hár járnstyrkur 1983 og 1986, en talinn vera óverulegur 1982. Kvikuáhrif eru því meiri á vatnið 1983 og 1986 en 1982 og talsvert meiri 1983 en 1986.

Stór hlutur vatns Úr bræðslurásum við útfall gæti e.t.v. verið skýringin á lágum klóríðstyrk 1983. Talið var að aukinum jarðhiti í hlíðum Grímsfjalls hefði valdið hlaupinu 1983, sem varð við 20-30 m lægri vatnshæð en talin er þurfa að vera til að koma af stað hlaupi. Ekki mundi neitt jarðhitavatn ná upp á yfirborð í Grímsfjallshlíðum, helður einungis gas og gufa. Í jarðhitagufu er H_2S í allmiklu magni sem getur skýrt háan súlfatstyrk í bræðsluvatni ofan gufu-útstreymisins. Einnig mundi sýrustigið verða mjög lágt vegna súrra gastegunda úr gufunni og því gætu skolast út efni úr basaltgleri í hlíðinni. Klórríkar gastegundir sem eru í kviku munu ekki berast med jarðhitagufunni og við þessar aðstæður er ekki að vænta aukins klóríðs í vatninu miðað við það sem er í snjónum.

Ljóst er af þeim efnarannsóknum sem gerðar hafa verið á jökulánnum að hlaupi í Skeiðará fylgir atíð svipuð aukning í efnastyrk þótt styrkur einstakra efna og efnahlutföll séu breytileg vegna mismunandi mikilla kvikuáhrifa. Eins og bent hefur verið ítrekað á má fylgjast með efnastyrk á einfaldan hátt með leiðnimælingu í vatninu, því leiðni er í hlutfalli við styrk uppleystra efna. Ef eftirlit umfram það sem felst í u.p.b. mánaðarlegum sýnatökum af svifausr er talið æskilegt væri einfaldast að nota til þess leiðnimælingar, sem heimamenn sæju um. Orkustofnun er tilbúin að sjá um uppsetningu samhliða og eftirlit með þeim. Þó því verði komið á er nauðsynlegt að halda áfram sýnatöku til efnagreininga í álika umfangi og s.l. þrjú ár.

Tafla 3

STYRKUR UPPLEYSTRA EFNA Í HÁMARKI JÖKULHLAUPA.

Jökul- árið	pH/°C	SiO ₂ mg/kg	Na mg/kg	K mg/kg	Ca mg/kg	Mg mg/kg	Heildar- karb. sem	SO ₄ mg/kg	H ₂ S mg/kg	Cl mg/kg	F leyst efni	Upp- eigni mg/kg	Fe mg/kg	Mg mg/kg
1954"		57			60,9	15,6		18,1	0,0	8,7	0,3	388		
1965+	7,0/	56	63,5	19,0	59,5	10,4	680	38,7		42,7	0,5	416		
1972*	7,5/	44	89,0	3,0	28,0	10,0	480	13,0		11,0				
1976`		50,5	43,0	3,8	45,6	9,9		23,5		13,5				
1982`	6,02/22	60,0	53,1	4,2	50,4	10,8	595	19,2	0,3	13,2	0,17	369		
1983`	6,45/21	56,5	50,3	4,8	38,9	11,8	343	48,8	0,0	7,6	0,31	359	4,4	
1986`	6,26/24	62,4	52,7	4,4	43,2	10,7	384	38,4	0,0	13,7	0,25	352	2,3	0,4


" Sigurjón Rist (1955)

+ Guðmundur Sigvaldason (1965)

* Sigurður Steinþórsson og Niels Óskarsson (1983)

Gögn frá Orkustofnun


JHD-JEF-7706 HK
86 12 1147 T



MYND 8 Uppleyst efni


JHD-JEF-7708 HK
86.12. II 46 T

Mynd 9




JHD-JEF-7708 HK
86.12. II 49. T

Mynd 10



JHD-JEF-7708 HK
86.12. II 50. T


Mynd 11



MYND 9 - 11 pH, SiO₂, Na


JHD-JEF-7708 HK
86.12.1151 T

Mynd 12




JHD-JEF-7708 HK
86.12.1152 T

Mynd 13




JHD-JEF-7708 HK
86.12.1153 T

Mynd 14




MYND 12 - 14 K, Ca, Mg


Mynd 15



Mynd 16




Mynd 17



MYND 15 - 17 Na /K, CO₂, C1


JHD-JEF-7706 HK
86. 12. 1157. T

Mynd 18




JHD-JEF-7706 HK
86. 12. 1158. T

Mynd 19



JHD-JEF-7706 HK
86. 12. 1159. T

Mynd 20



MYND 18 - 20 SO₄, F, Na/C1

3 GRÆNALÓNSHLAUP 1986

Samtímis Grímsvatnahlaupinu á haustmánuðum 1986 hljóp vatn úr Grænalóni í bæði Súlu og Gígjukvísl. Grænalón er í dal sunnan undir Grænafjalli, við vesturkverk Skeiðarárjökuls sem lokar dalnum til austurs. Hlaup úr lóninu eru nokkuð árviss, en að þessu sinni voru liðin 2 ár frá því síðasta og var þetta hlaup því með meira móti að sögn starfsmanna Vegagerðarinnar.

3.1 Rennsli og svifaur

Um tíuleytíð að morgni föstudagsins 29. ágúst, komu vatnamælingamenn að Súlu og sáu að hún var þá mjög vaxin, en er þeir komu að Gígjukvísl var þar ekkert hlaupvatn. Að sögn Gylfa Júliussonar starfsmanns Vegagerðarinnar í Vík í Mýrdal, gerði hann kvarðamælingar aðfaranótt laugardagsins 30. ágúst og var hámark hlaupsins í Súlu, samkvæmt þeim, um klukkan 01 þann 30. Gylfi segir flóðið hafa "minnkað verulega" kl. 03.30. og verið orðið "allt að því sumarvatn" kl. 07.30. Ær flóðið tók að minnka í Súlu varð þess vart í Gígjukvísl, sem fór vaxandi, en tími hámarks þess er óviss. Eftir að sáralítíð hlaupvatn hafði verið í nokkra daga í báðum ánum varð Gylfi aftur var aukningar í Súlu 5. september. Var hún rennslismæld 7. september, óx eftir það og var 5 cm hæri á kvarða 10. september. Virðist sem opnast hafi ný rás úr Grænalóni, og neðar, síðast í hlaupinu.

Súla var rennslismæld tvívegis og Gígjukvísl einu sinni um hlauptímann. Einning voru mæld hæstu flóðför í báðum ánum. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu  og nokkur þversnið ánnan undir brúnum í Viðauka B.

Þrjú sýni voru tekin úr hvorri á meðan hlaupið stóð yfir. Aurstyrkur þeirra er sýndur í töflu , en auk hlaupsýnanna er hafður til viðmiðunar aurstyrkur sýna frá 27. ágúst, rétt áður en hlaupið hófst.

Tafla 4

GRÆNALÓNSHLAUP 1986
Niðurstöður mælinga

Mæling (sýnataka) dagsetning klukka	Rennsli m^3/s	Svifaур mg/l	Tökumáferð	Þversnið m^2
<hr/>				
Súla við brú				
27.08.1986 09:45	784		S1	
30. " " 19:10	10738		S3	
31. " " 20:30-ca.21	115 1)	2800	S1	73
07.09. " 19:50-21:00	410 2)	4983	S1	215
Gígjukvísl við brú				
27.08.1986 09:20	1089		S1	
30. " " 18:45	21650		S3	
31. " " 05:07-05:20	25958		S1	
" " " 10:45	22931		S1	
" " " 14:04-16:04	220			159
Hámarksþversnið farvegs Súlu				730
Hámarksþversnið farvegs Gígjukvíslar				300
<hr/>				

- 1) Núpsá undanskilin
- 2) Núpsá meðtalin

Samkvæmt mælingu¹ frá 7. ágúst 1973 var rennsli Súlu u.p.b. 2000 m^3/s við farvegsþversnið 572 m^2 .

Samkvæmt því sem að framan greinir og töflu², er ljóst að hámarksrennsli Súlu í hausthlaupinu 1986 hefur örugglega verið yfir 2000 m^3/s . Enn óvissara er um hámarksrennsli Gígjukvíslar, það ætti þó ekki að hafa náð 800 m^3/s miðað við hæsta flóðfar. Í ljósi þess hve upplýsingar um þetta Grænalónshlaup eru litlar er heildarrennsli þess ekki reiknað.

Við rennslismælingar rann Súla undir allt að 45° horni miðað við brúna, en mesti hæðarmunur vatnsbordss undir brúm beggja árra var hálfur metri.

Í ljósi hegðunar Súluhlaupsins og samræðna við fleiri aðila er skoðuðu Grænalónshlaupið er talið að rennsli beggja árra hafi ekki verið "jafnt" um hlauptímann, heldur "flökt" eitthvað, rétt eins og hlutfall rennslis ofan á jöklí og undir hafi verið eilítid breytilegt. Ekki er hægt að útiloka að vatn hafi farið úr Grímsvötnum, undir jöklí til Gígjukvíslar, en það hefur þá verið lítið vegna þess að hvorki starfsmenn Vegagerðarinnar né vatnamælingamenn fundu vott brennisteinsfýlu, af hvorugri ánni, í þessu hlaupi. Ennfremur bendir styrkur uppleystra

efna heldur ekki til íblöndunar háhitavatns í ánni.

Þegar starfsmenn Vatnamælinga flugu yfir svæðið þann 29. ágúst sást hvar vatnið rann á yfirborði úr suðausturhorni Grænalóns og var að sjá eftir það samfelldan beljanda ofan á jöklí í kverkinni undir Súltindum niður á sand. Einnig kom þar tölувert vatn undan jöklinum skammt austan kverkarinnar, sem daginn eftir tók að veita vatni til Gígjukvíslar. Eyjólfur Hannesson á Núpsstað segir þetta útfall eitt hafa veitt vatni til Gígjukvíslar og að brotnað hafi tölувert í kringum það.

Töluberðs ískurls varð vart í Súlu þegar komið var að henni þann 29. en það virðist hafa nær horfið þegar hún tók að minnka. Lítils ískurls varð vart í Gígjukvísl.

HEIMILDARRIT

Helgi Björnsson, and Hrefna Kristmannsdóttir, 1984: The Grímsvötn Geothermal Area, Vatnajökull, Iceland, Jökull 34: 25-50.

Guðmundur E. Sigvaldason 1965: Sjá Sigvaldason, Guðmundur E.

Haukur Tómasson, Sigurjón Rist, Svanur Pálsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1985: SKEIÐARÁRHLAUP 1983. Rennsli, aurburður og efna- innihald. Orkustofnun OS 85041/VOD-18 B, 27 s.

Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984: Sjá Björnsson, Helgi and Kristmannsdóttir.

Sigurður Þórarinsson 1974: Vötnin stríð, saga Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 254 s.

Sigurjón Rist 1955: Skeiðarárhlaup 1954. Jökull 5: 30-36.

Sigurjón Rist 1977: Grímsvatnahlaupið 1976. Jökull 26: 80-90.

Sigurjón Rist 1984: Jökulhlaupaannál 1981, 1982 og 1983. Jökull 34: 165-172.

Guðmundur E. Sigvaldason, 1965: The Grímsvötn termal area. Chemical analysis of jökulhlaup water. Jökull 15: 125-128.


VIÐAUKİ A

þversnið Skeiðarár undir brú í hlaupi 1986
(Horfð undan straumi)

VOD-VM-797 BK
88.09.1026 T

GRÍMSVATNAHLAUP 1986


Breidd m



VOD-VM-797 BK
88.11.1027 T

GRÍMSVATNAHLAUP 1986

Breidd m



VOD-VM-797 BK
86.11.1028 T

GRIMSVATNAHLAUP 1986


Breidd m

50 100 150 200 250 300 350 400 450 500 550 600 650 700 750 800 850 900

-5 -4 -3 -2 -1 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15

Skeiðará vaxandi. Mælt af brú.
Rennsli 1120 m³/s

vhm 000
Mælt: 1986.09.04
Bók: 1451
Teiknað: 1986.11.27 BK



VOD-VM-797 BK
86.11.1029 T

GRIMSVATNAHLAUP 1986


Breidd m

50 100 150 200 250 300 350 400 450 500 550 600 650 700 750 800 850 900

-5 -4 -3 -2 -1 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15

Skeiðará vaxandi.. Mælt af brú.
Rennsli 1690 m³/s

vhm 000
Mælt: 1986.09.06
Bók: 1448
Teiknað: 1986.11.28 BK



VOD-VM-797 BK
86.11.1030 T


GRIMSVATNAHLAUP 1986

Breidd m

-5 0 50 100 150 200 250 300 350 400 450 500 550 600 650 700 750 800 850 900

Skeiðará vaxandi. Mælt af brú.
Rennsli 1930 m³/s

vhm 000
Mælt: 1986.09.07
Bök: 1448
Teiknað: 1986.11.28 BK



VOD-VM-797 BK
86.11.1031 T


GRIMSVATNAHLAUP 1986

Breidd m

-5 0 50 100 150 200 250 300 350 400 450 500 550 600 650 700 750 800 850 900

Skeiðará minnkandi. Mælt af brú.
Rennsli 1700 m³/s


vhm 000
Mælt: 1986.09.08
Bök: 1448
Teiknað: 1986.11.28 BK



VOD-VM-797 BK
86.11.1032 T

GRIMSVATNAHLAUP 1986


Breidd m



Skeiðará minnkandi. Mælt af brú.
Rennsli 1120 m³/s

vhm 000
Mælt: 1986.09.09
Bók: 1451
Teiknað: 1986.11.28 BK


-5 -4 -3 -2 -1 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15



VOD-VM-797 BK
86.11.1033 T

GRIMSVATNAHLAUP 1986


Breidd m



Skeiðará minnkandi. Mælt af brú.
Rennsli 660 m³/s

vhm 000
Mælt: 1986.09.10
Bók: 1440
Teiknað: 1986.12.01 BK


-5 -4 -3 -2 -1 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15



VOD-VM-797 BK
86.11.1034 T

EFTIR GRIMSVATNAHLAUP 1986

Breidd m




VIÐAUKI B

Þversmið Súlu og Sandgígjukvíslar undir brú í hlaupi 1986
(Horft undan straumi)

VOD-VM-797 BK
86.12.1037 T

GRÆNALÖNSHLAUP 1986


Breidd m



VOD-VM-797 BK
86.12.1035 T

GRÆNALÖNSHLAUP 1986

Breidd m



VOD-VM-797 BK
86.12.1038 T


GRÆNALÖNSHLAUP 1986

Breidd m

0 25 50 75 100 125 150 175 200 225 250 275 300 325 350 375 400

Sula og Núpsvötn, Q=410 m³/s. Mælt af brú.


vhm 000
Mælt: 1986.09.07
Bök: 1448
Teiknad: 1986.12.08 BK



VOD-VM-797 BK
86.12.1025 T

GRÆNALÖNNSHLAUP 1986


Breidd m



VOD-VM-797 BK
86.12.1128 T


GRÆNALÖNNSHLAUP 1986

Breidd m




VIÐAUKI C

Ljósmyndir af hlaupum úr Grímsvötnum og Grænalóði



- Yfirlit yfir sunnanverðan Vatnajökul.
(Ljósmt. Oddur Sigurðsson).



2. Kort af Grímsvötnum.



This high-contrast, black-and-white photograph depicts a scene that appears to be a composite or heavily processed image. A prominent, dark, and textured vertical shape, possibly a tree trunk or a deep crevice, runs down the left side of the frame. To its right, a long, dark, and winding path or riverbed stretches from the foreground into the distance, curving slightly to the right. The horizon is a sharp, bright white line that divides the dark foreground and middle ground from a dark, almost black, sky above. In the dark foreground, there are some indistinct, dark shapes that could be distant trees or rocks. The overall effect is one of mystery and depth, with the high contrast creating a stark, graphic quality.

3. Útfall Skeiðarár rétt eftir hámark hlaups 7. sept. 1986.
(Ljósmynd: Bjarni Kristinsson).


4. Sérð yfir Skeiðará úr Skátafellsbreykum 12 stundum fyrir hámark hlaups 5. sept. 1986. (Ljósmt. Bjarni Kristinsson).




5. Skeiðarárhláup rétt fyrir hámark 5. sept. 1986. Mælingabbfreið
Orkustofnunar lengst til hægri á brúnni.
(Ljósm. Bjarni Kristinsson).



6. Útfall úr Grænalóni af afstöðunu hlaupi 8. sept. 1986.
(Ljósm. Oddur Sigurðsson).



7. Súluhláup nálægt hámarki undir Núpsvatnabréu 29. ágúst 1986.
(Ljósm. Oddur Sigurðsson).



8. Rennsliasmæling í Skeiðarárhláup rétt fyrir hámarki undir Núpsvatnabréu 29. ágúst 1986.
sem notað er við að mæla dýpið í farveginum er 100 kg.
(Ljósm. Oddur Sigurðsson).